

- 28 7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1935 framlögum samkv.  
9. jan. 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um  
bifreiðaskatt o. fl., til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja til-  
skilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu  
1935.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

29

## L Ö G

9. jan. um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

## 1. gr.

Sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu, til 5 ára í senn, þrjá menn,  
er hafa skulu eftirlit með og halda skrá yfir þá sjóði í landinu, sem stofnaðir  
eru og hafa hlotið staðfestingu konungs á skipulagsskrá sinni. Afrit af skránni  
skulu þeir leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi.

## 2. gr.

Stjórn þessara sjóða skal senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum, áður  
en missiri er liðið frá lokum reikningsárs sjóðs hvers, reikning sjóðsins fyrir  
síðastliðið reikningsár. Geta eftirlitsmenn þó krafizt fyllri skýrslna um allan

hag sjóðanna, og er sjóðstjórnnum skylt að svara fyrirspurnum þeirra — eins 29  
eða fleiri — um hag sjóðanna og allan rekstur þeirra, eftir því sem föng eru á, 9. jan  
áður en mánuður er liðinn frá því er þeim barst slík fyrirspurn, enda hvíli ekki  
sérstök þagnarskylda á þeim.

### 3. gr.

Nú þykir eftirlitsmönnum athugavert um fjárgæzlu sjóðs eða brotin  
skipulagsskrá hans, og ber þeim þá að tilkynna það fjármálaráðuneytinu, sem  
gerir ráðstafanir til, að því verði hrundið í lag, sem ábótavant kann að vera.

### 4. gr.

Nú sendir sjóðstjórn ekki reikning eins og fyrir er mælt í 2. gr. og svarar  
ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur fjármálaráðherra þá, eftir  
ósk hinna þingkosnu eftirlitsmanna, skyldað sjóðstjórn, að viðlögðum allt að  
20 króna dagsektum, til þess að senda reikning innan tilsetts tíma.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um ávöxtun sjóða þeirra,  
er um ræðir í lögum þessum, sem tryggi það, að sjóðirnir séu alltaf ávaxtaðir á  
sem öruggastan hátt.

### 5. gr.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun eftirlitsmanna, og greiðist hún úr ríkis-  
sjóði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*